Stika 2b

ÆFINGAHEFTI

$4 \cdot \frac{2}{9}$





EFNISYFIRLIT

5 Mælingar 4
Þyngd 4
Samlagning og frádráttur 8
Jafn þungt – jöfnur 10
Rúmmál 12
Yfirborðsflatarmál og rúmmál ferstrendinga 14
Lítrar og rúmdesimetrar 19
Tími 20

6 Almenn brot 22
Almenn brot – hluti af heild og hluti af safni 22
Samlagning og frádráttur með almennum brotum 27
Jafn stór brot 29
Að lengja og stytta brot 31
Ósamnefnd brot 33
Margföldun almennra brota 37

7 Margföldun og deiling 41
Margföldun heilla talna 41
Deiling heilla talna 45
Margföldun og deiling með blaðreikningi 47
Tengsl margföldunar og deilingar . . . 51
Margföldun og deiling tugabrota . . . 53

8 Hnitakerfi og hlutföll 56
Staðsetning í hnitakerfi 56
Hnitakerfi 57
Speglun 60
Vegalengd og hraði 61
Ýmis dæmi 62
Blöndur 64

Bjørnar Alseth • Gunnar Nordberg • Mona Røsseland

Stika

2b

ÆFINGAHEFTI

MENNTAMÁLASTOFNUN

Formáli

Velkomin í *Stiku*!

Stærðfræðinámsefnið *Stika* er framhald af námsefninu *Sprota*. Við, höfundar *Stiku*, teljum að stærðfræði sé mikilvæg fyrir alla og að allir geti haft af henni bæði gagn og gaman. Með *Stiku* viljum við vekja áhuga nemenda á greininni þannig að þá langi bæði til að læra stærðfræði og nota hana.

Í *Stiku* er megináherslan lögð á að verkefni séu af fjölbreytilegum toga. Nemendur reikna í huganum, nota blað og blýant og margvísleg hjálpartæki. Þeir nota stærðfræði til að gera útreikninga, mæla stærðir, búa til myndir og mynstur, til að skilja töflur og myndrit. Ánægja nemenda í stærðfræðináminu felst í leik með tölur og form, í að skilja stærðfræðileg tengsl og að geta leyst alls kyns verkefni, þrautir eða vandamál. Í námsefninu eru settar fram tillögur um mismunandi kennsluaðferðir og kennarar og nemendur hafa mikið svigrúm til að vinna eins og þeim hentar best.

Í *Stiku* eru námsþættir flokkaðir í nokkuð stóra kafla þannig að skýrar kemur í ljós hvaða þáttur er í brennidepli hverju sinni. Við teljum að mikilvægt sé að nemendur geti ótruflaðir kafað dýpra í sama námsþátt eins lengi þeim finnst að þeir læri af því.

Við óskum þess að kennarar og nemendur upplifi margar góðar stærðfræðistundir með *Stiku*.

Bjørnar Alseth
Gunnar Nordberg
Mona Røsseland

5 Mælingar

Þyngd



5.1 Skrifaðu g, hg eða kg fyrir aftan tölurnar þannig að þær lýsi réttri þyngd.

a Þyngd hunds er 8 ☐.

b Þyngd pitsu er 375 ☐.

c Þyngd hjóls er 15 ☐.

d Þyngd poka af flögum er 125 ☐.

e Þyngd sælgætispoka er 3 ☐.

f Þyngd pakka af kjötfarsi er 7,5 ☐.



5.2 Giskaðu á hvaða hlutir á myndinni eru um það bil

a 10 grömm **b** 1 hg **c** 1 kg **d** 5 kg

5.3 Skráðu þyngdina í grömmum.



5.4 Lestu þyngdina af talnalínunni og skráðu í hektógrömmum.



5.5 Lestu þyngdina af talnalínunni og skráðu í kílógrömmum.



5.6 Lestu þyngdina af talnalínunni og skráðu í grömmum.



5.7 Lestu þyngdina af talnalínunni og skráðu í kílógrömmum.



5.8 Teiknaðu talnalínu eins og þessa.

Merktu þessa punkta á talnalínuna:

- A = 0,4 kg
- B er 0,2 kg léttari en A
- C er tvöfalt þyngri en A
- D er 0,5 kg þyngri en C
- E er 1 kg þyngri en A og B til samans

5.9 Teiknaðu töflurnar og fylltu út í tómu reitina.

a

Grömm	Hektógrömm	Kílógrömm
300 g		
	4 hg	
		2 kg
750 g		
	6,5 hg	
		0,7 kg

b

Grömm	Hektógrömm	Kílógrömm
	7,6 hg	
		0,023 kg
1540 g		
	0,75 hg	
		3,85 kg
783 g		

5.10 Hjól vegur 17,65 kg.

a Hve mörg grömm vegur hjólið?

b Hve mörg hg vegur hjólið?

5.11 Hve mörg kg vegur hver bíll?



5.12 Skráðu þyngdirnar í tonnum.

a 2000 kg
b 7000 kg
c 3500 kg
d 6500 kg
e 3250 kg
f 670 kg

5.13 Hve mörg grömm vegur

a $\frac{1}{5}$ af súkkulaðinu?

b $\frac{1}{2}$ af súkkulaðinu?

c $\frac{1}{10}$ af súkkulaðinu?



5.14 Hvað eru þyngdirnar hér á eftir mörg grömm?

a $\frac{1}{5}$ af 1 kg

b $\frac{2}{5}$ af 1 kg

c $\frac{1}{5}$ af 2 kg

d $\frac{3}{5}$ af 2 kg

e $\frac{1}{5}$ af 4 kg

f $\frac{4}{5}$ af 4 kg

g $\frac{1}{5}$ af 2,5 kg

h $\frac{3}{5}$ af 2,5 kg

i $\frac{4}{5}$ af 2,5 kg

5.15 Skráðu í grömmum:

a $\frac{1}{10}$ af 1 kg

b $\frac{6}{10}$ af 1 kg

c $\frac{4}{10}$ af 1 kg

d $\frac{7}{10}$ af 1 kg

e $\frac{5}{10}$ af 2 kg

f $\frac{8}{10}$ af 2 kg

g $\frac{1}{10}$ af 1,5 kg

h $\frac{3}{10}$ af 1,5 kg

i $\frac{9}{10}$ af 1,5 kg

5.16 Skráðu í kílógrömmum:

a $\frac{1}{10}$ af 1 tonni

b $\frac{8}{10}$ af 1 tonni

c $\frac{6}{10}$ af 1 tonni

d $\frac{4}{10}$ af 1 tonni

e $\frac{5}{10}$ af 4 tonnum

f $\frac{8}{10}$ af 4 tonnum

5.17 Hve mörg grömm eru

a $\frac{1}{6}$ af 2,4 kg?

b $\frac{2}{6}$ af 2,4 kg?

c $\frac{3}{6}$ af 2,4 kg?

d $\frac{5}{6}$ af 2,4 kg?

e $\frac{1}{8}$ af 2,4 kg?

f $\frac{3}{8}$ af 2,4 kg?

g $\frac{5}{8}$ af 2,4 kg?

h $\frac{6}{8}$ af 2,4 kg?



2,4 kg

Samlagning og frádráttur



5.18 Hve mörg kíló vega

a einn eplapoki og einn perupoki samtals?

b einn eplapoki og einn bananapoki samtals?

c einn vínberjapoki og einn appelsínupoki samtals?

d einn eplapoki, einn vínberjapoki og einn appelsínupoki samtals?

5.19 Hverju munar á þyngd

a eplapoka og perupoka?

b bananapoka og vínberjapoka?

c appelsínupoka og perupoka?



Reiknaðu dæmin.

5.20

a	**b**	**c**	**d**
3,4	2,7	4,3	3,4
+ 2,7	+ 0,8	+ 2,7	+ 4,3

5.21

a	**b**	**c**	**d**
2,7	3,4	4,3	1,9
– 1,9	– 2,7	– 2,7	– 0,8

5.22

a	**b**	**c**	**d**
37,3	58,4	75,9	63,5
– 21,2	– 31,9	– 37,5	– 31,9

Skráðu í kg og reiknaðu síðan.

5.23 **a** 40 hg + 35 hg **d** 23 hg + 56 hg **g** 37 hg – 24 hg

b 58 hg + 37 hg **e** 72 hg + 89 hg **h** 83 hg – 37 hg

c 65 hg + 32 hg **f** 37 hg + 125 hg **i** 91 hg – 59 hg

5.24 **a** 1500 g + 1500 g **c** 6800 g + 1800 g **e** 13 500 g – 7200 g

b 2400 g + 7400 g **d** 7400 g + 3900 g **f** 23 700 g – 19 500 g

5.25 **a** 5500 g – 3500 g **c** 8800 g – 5500 g **e** 45 hg – 38 hg

b 5400 g – 2700 g **d** 6400 g – 3700 g **f** 125 hg – 88 hg



5.26 Hve mikið vega vörurnar?

a Einn poki af ávöxtum og ein krukka af sultu samtals.

b Einn ávaxtapoki og einn sælgætispoki samtals.

c Einn smjörpakki og einn sælgætispoki samtals.

d Einn sælgætispoki, ein sultukrukka og einn smjörpakki samtals.

5.27 Reiknaðu dæmin.

a 2,42 + 3,43 **c** 18,41 + 31,72 **e** 33,09 – 28,76

b 6,59 + 2,76 **d** 36,85 + 23,92 **f** 56,02 – 29,67

5.28 Hvaða tölustafi vantar?

a
$$\begin{array}{r} 23{,}8 \\ +\ \square\square{,}\square \\ \hline 40{,}0 \\ \hline \end{array}$$

b
$$\begin{array}{r} \square\square{,}\square \\ +\ 66{,}6 \\ \hline 100{,}0 \\ \hline \end{array}$$

c
$$\begin{array}{r} 3\square{,}7 \\ +\ \square 9{,}\square \\ \hline 64{,}5 \\ \hline \end{array}$$

d
$$\begin{array}{r} 52{,}4 \\ +\ \square 6{,}\square \\ \hline 118{,}9 \\ \hline \end{array}$$

Jafn þungt – Jöfnur

5.29 Hve mikið vantar upp á að jafnt sé báðum megin?

a



b

5.30 Hve mikið er í x-pokanum?

a



c



b



d

Hvaða tölu táknar x?

5.31

a $10 + 12 = 9 + x$

b $40 + x = 50 + 30$

c $x + 70 = 90 + 80$

d $250 + x = 500 + 2000$

e $x + 23 = 19 + 11$

f $32 + 17 = x + 27$

5.32

a $x + 12 = 9 + 13$

b $20 + x = 100 + 120$

c $x + 50 = 60 + 70$

d $350 + x = 300 + 150$

e $x + 29 = 28 + 19$

f $22 + 33 = x + 44$

5.33 Finndu þyngd hvers poka.

a = 300 g

b = 800 g

c = 1,0 kg

d + 180 g

e = 2,4 kg

f + 8,8 hg

5.34 Hvaða tölu táknar x?

5x er það sama og 5 · x

a $5x = 50$

b $7x = 21$

c $8x = 64$

d $36 = 9x$

e $1200 = 4x$

f $15x = 75$

5.35 Finndu þyngd hverrar öskju.

a 

b 

c 

d 

5.36 Hvaða tölu táknar x?

a $x + x = 9 + 15$

b $x + x = 50 + 50$

c $x + x = 12 + 18$

d $250 + 320 = x + x$

e $x + x + x = 5 + 10 + 15$

f $32 + 13 = x + x + x$

5.37 Hvaða tugabrot táknar x?

a $0{,}5 + 0{,}2 = 0{,}1 + x$

b $0{,}3 + 0{,}5 = x + 0{,}4$

c $0{,}45 + x = 0{,}55 + 0{,}20$

d $0{,}15 + x = 0{,}30 + 0{,}35$

e $x + 7{,}30 = 5{,}80 + 3{,}70$

f $0{,}145 + 0{,}520 = x + 0{,}345$

Rúmmál

5.38 Skrifaðu ml, dl eða l á eftir tölunum þannig að þær lýsi réttu rúmmáli.

a Rúmmál glass með vítamínpillum er 75 ☐.

b Rúmmál kökubox er 3 ☐.

c Rúmmál stórrar gosflösku er 1,5 ☐.

d Rúmmál ísbox er 1 ☐.

e Rúmmál potts er 45 ☐.

f Rúmmál frystikistu er 200 ☐.

g Rúmmál mjólkurglass er 2,5 ☐.

5.39 Áætlaðu hvaða hlutir á myndinni rúma um það bil 1 dl, 5 dl og 1 l.



5.40 Skráðu í desilítrum.

a 2,0 l	**c** 0,7 l	**e** 3,6 l	**g** 12,5 l
b 1,5 l	**d** 0,25 l	**f** 7,5 l	**h** 56,4 l

5.41 Skráðu í lítrum.

a 50 dl	**c** 45 dl	**e** 8 dl	**g** 565 dl
b 23 dl	**d** 70 dl	**f** 1 dl	**h** 4,5 dl

5.42 Lestu af talnalínunni og skráðu rúmmálið í desilítrum.



5.43 Lestu af talnalínunni og skráðu rúmmálið í lítrum.



5.44 Teiknaðu töflurnar og skráðu tölurnar sem vantar.

a

millilítrar	sentilítrar	desilítrar	lítrar
1000 ml			
	30 cl		
		7,5 dl	
			0,8 l

b

millilítrar	sentilítrar	desilítrar	lítrar
	432 cl		
			0,605 l
		7,5 dl	
2540 ml			

5.45 Breyttu í lítra og reiknaðu síðan.

a 20 dl + 35 dl
b 18 dl + 42 dl
c 55 dl + 19 dl
d 45 dl + 93 dl
e 67 dl + 289 dl
f 77 dl + 437 dl

5.46 Breyttu í sentilítra og reiknaðu síðan.

a 2,0 dl + 25 cl
b 4,0 dl + 10 cl
c 55 cl + 4,3 dl
d 74 cl + 3,2 dl
e 67 ml + 18,6 cl
f 94 ml + 82,7 cl

Yfirborðsflatarmál og rúmmál ferstrendinga

5.47 **a** Hvert er flatarmál botnsins á öskjunni?
b Hvert er flatarmál hinna flatanna á öskjunni?
c Hvert er yfirborðsflatarmál öskjunnar (summan af flatarmáli allra flatanna fimm)?





= 1 cm²

5.48 **a** Hvert er flatarmál botns öskjunnar hér fyrir neðan?

b Hvert er flatarmál hinna flata öskjunnar?

c Hvert er yfirborðsflatarmál öskjunnar (summan af flatarmáli allra flatanna fimm)?





= 1 cm²

5.49 **a** Hvert er flatarmál botns hvors kassa hér fyrir neðan?

b Hvert er flatarmál hinna flatanna á kössunum?

c Hvert er yfirborðsflatarmál hvors kassa?





5.50 **a** Hvert er flatarmál botns hvors kassa hér á eftir?

b Hvert er flatarmál hinna flatanna á kössunum?

c Hvert er yfirborðsflatarmál hvors kassa?



5.51 **a** Hvert er flatarmál botns píramídans hér fyrir neðan?

b Hvert er flatarmál hinna flata píramídans?

c Hvert er yfirborðsflatarmál píramídans?



5.52 **a** Hvert er flatarmál hvors langveggjar um sig á hlöðunni hér til hliðar?

b Hvert er flatarmál gaflanna tveggja samtals?



c Bóndinn ætlar að mála hlöðuveggina.
Einn lítri af málningu nægir á 8 fermetra (m^2).
Hvað þarf hann að kaupa marga lítra af málningu?

5.53 Hvað eru teningarnir margir í hvorum hlaða?

a



b



5.54 Hvað eru teningarnir margir í hverjum hlaða?

a



c



b



d



5.55 Hve margir rúmsentimetrar, cm^3, er hver hlaði?

= 1 cm^3

a



b



c



5.56 Hvert er rúmmál kassanna?

a



b



c



5.57 **a** Hvert er rúmmál askjanna?





b Hvað er askja B mörgum sinnum stærri en askja A að rúmmáli?

5.58 Reiknaðu dæmin.

a $2 \cdot 5 \cdot 3$ **c** $4 \cdot 6 \cdot 5$ **e** $7 \cdot 8 \cdot 5$ **g** $12 \cdot 15 \cdot 4$

b $7 \cdot 2 \cdot 5$ **d** $5 \cdot 10 \cdot 4$ **f** $8 \cdot 15 \cdot 10$ **h** $25 \cdot 20 \cdot 40$

5.59 Hvað er pláss fyrir marga litla teninga í stóru kössunum?



a



b



5.60 Hvað rúmast margar litlar öskjur í stóru kössunum?

a



b



5.61 Hvað rúmast margir rúmmetrar (m^3) í þessu herbergi?



5.62 Gámur er 8 m á lengd, 3 m á breidd og 3 m á hæð.

a Hvað rúmast margir rúmmetrar í gámnum?

b Á höfninni eru 25 slíkir gámar. Hvað rúma allir þessir gámar marga rúmmetra samtals?

5.63 Á kennarastofunni í hverfisskólanum er vinnuaðstaða fyrir 15 kennara.



a Hve margir rúmmetrar af lofti eru í kennarastofunni?

b Hve margir rúmmetrar af lofti eru handa hverjum kennara?

c Hvað eru veggirnir í kennarastofunni margir fermetrar samtals?

Lítrar og rúmdesimetrar

5.64 Ef við fyllum ílát, sem er einn rúmdesimetri að rúmmáli, með vatni kemst í hann nákvæmlega einn lítri.

Skráðu eftirfarandi rúmmál í lítrum.

a 6 dm^3 **c** 5,6 dm^3 **e** 0,15 dm^3 **g** 21,19 dm^3

b 17 dm^3 **d** 4,7 dm^3 **f** 32,8 dm^3 **h** 465,2 dm^3

5.65 Hvað komast margir lítrar í þessa kassa?



5.66 Hve margir lítrar eru samtals í hverju verkefni?



5.67 **a** Hvað er myndin margir rúmmetrar, m^3?

b Gerðu skissu og skráðu málin í dm í staðinn fyrir m.

c Hve margir rúmdesimetrar, dm^3 er myndin?



5.68 **a** Hve margir lítrar eru í einum rúmmetra?

b Hve margir lítrar eru í 5 rúmmetrum?

c Hve margir lítrar eru í 7,5 rúmmetrum?



5.69 Geymslurými flutningabíls er 8 metrar á lengd, 2,5 metrar á breidd og 2,4 metrar á hæð.

a Hvað tekur flutningabíllinn marga rúmmetra?

b Flutningabíllinn á að flytja 200 rúmmetra af varningi? Hve margar ferðir þarf hann að fara?

Tími

5.70 Hvað eru margar mínútur í

a einum klukkutíma? **b** þremur klukkutímum? **c** fimm klukkutímum?

5.71 Hve margar mínútur eru í

a hálftíma? **b** einum fjórða úr klukkustund? **c** einni og hálfri klukkustund?

5.72 Hve margar sekúndur eru í

a einni mínútu? **c** fjórum mínútum? **e** 12 mínútum?

b tveimur mínútum? **d** átta mínútum? **f** 20 mínútum?

5.73 Hve margar sekúndur eru í

a hálfri mínútu? **b** fjórðungi úr mínútu?

5.74 Reiknaðu dæmin.

a $5 \cdot 60$ **c** $8 \cdot 60$ **e** $2 \cdot 24$ **g** $5 \cdot 24$

b $3 \cdot 60$ **d** $16 \cdot 60$ **f** $3 \cdot 24$ **h** $7 \cdot 24$

5.75 Skrifaðu tvær tímasetningar við hverja klukku.

a

c

e

g

b

d

f

h

5.76 Hve langur tími er milli tímasetninganna?

a

c

b

d

5.77 Einn vetrardag á Akureyri kom sólin upp kl. 09:12 og settist kl. 17:10.

Hve lengi var sólin á lofti þennan dag?

5.78 Einn sumardag kom sólin upp kl. 03:30 og settist kl. 23:40.

Hve lengi var sólin á lofti þennan dag?

5.79 Þann 24. desember 2012 kom sólin upp kl. 11:22 og settist kl. 15:33. Hve lengi var sólin á lofti þennan dag?

5.80 Taflan sýnir sólarupprás og sólsetur 11. júlí 2012 í Reykjavík og tveimur stöðum á Íslandi.

Borg/bær	Sólarupprás	Sólsetur
Grímsey	02:09	24:21
Ísafjörður	02:48	24:23
Reykjavík	03:30	23:34

a Hve lengi var sólin á lofti í Reykjavík þennan sólarhring

b Hve lengi var sólin á lofti í Grímsey?

c Hversu miklu lengur var sólin á lofti í Grímsey en í Reykjavík?

d Hve miklu skemur var sólin á lofti á Ísafirði en í Grímsey?

5.81 Nína sofnaði kl. 22:15.
Hún vaknaði næsta morgun kl. 06:30.
Hversu lengi svaf Nína?



5.82 Bessi sofnaði kl. 21:57.
Hann vaknaði næsta morgun kl. 07:12.
Hve langan tíma svaf Bessi?

5.83 Hve langur tími er milli

a 23. apríl kl. 12:30 og 26. apríl kl. 18:00?

b 2. febrúar kl. 16:15 og 4. febrúar kl. 10:45?

c 30. janúar kl. 19:00 og 3. febrúar kl. 07:00?

6 Almenn brot

Almenn brot – hluti af heild og hluti af safni



6.1 **a** Hve stór hluti af hringnum er blár?

b Hve stór hluti af hringnum er rauður?



6.2 **a** Hve stór hluti af ferhyrningnum er gulur?

b Hve stór hluti af ferhyrningnum er rauður?



6.3 **a** Hve stór hluti af berjunum er blár?

b Hve stór hluti af berjunum er rauður?

c Hve stór hluti af berjunum er jarðarber?



6.4 Hve stór hluti af spilapeningunum er

a gulur?

b rauður?

c grænn?

6.5 Hve stór hluti af hópnum er

a strákar?

b stelpur?

c með húfu?

d ekki með húfu?

6.6 Hve stór hluti af formunum er



a þríhyrningar?

b hringir?

c fimmhyrningar?

d ekki hringir?

6.7 Í hvaða mynd hér á eftir er $\frac{1}{4}$ skástrikaður?

A



B



C



D



6.8 **a** Hvað er búið að borða stóran hluta af súkkulaðinu?

b Hve stór hluti af súkkulaðinu er eftir?

c Útskýrðu hvers vegna búið er að borða $\frac{1}{3}$ af súkkulaðinu.



6.9 Hver mynd hér á eftir er hluti af stærri mynd. Teiknaðu alla myndina í hverju verkefni.

a $\frac{1}{2}$



b $\frac{1}{3}$



c $\frac{1}{5}$



6.10 Teiknaðu allar kúlurnar.

a

$\frac{1}{3}$

c



$\frac{1}{3}$

e

$\frac{2}{7}$

b

$\frac{1}{5}$

d

$\frac{1}{4}$

f

$\frac{3}{5}$

6.11 Á borðinu eru 15 kubbar, sem eru þríhyrningar, ferhyrningar og hringir.



a $\frac{1}{5}$ af kubbunum er þríhyrningar.
Hvað eru þríhyrningarnir margir?

b $\frac{1}{3}$ af kubbunum eru hringir.
Hvað eru hringirnir margir?

c Hversu margir ferhyrningar eru á borðinu?

6.12 Á myndinni sérðu $\frac{1}{4}$ af öllum bolunum hans Jónasar.

Hvað á hann marga boli?

6.13 Eva er búin að lesa 12 blaðsíður í blaðinu sínu.
Þar með er hún búin með $\frac{1}{3}$ af blaðinu.
Hve margar blaðsíður er blaðið?

6.14 Friðrik, sem er 12 ára, segir: „Nú hef ég náð $\frac{1}{3}$ af aldri pabba og $\frac{1}{5}$ af aldri ömmu“.

a Hvað er pabbi Friðriks gamall?

b Hvað er amma hans gömul?

6.15 Í ávaxtakörfunni eru samtals 24 ávextir.



a $\frac{1}{3}$ af ávöxtunum er epli.
Hvað eru eplin mörg?

b $\frac{1}{4}$ af ávöxtunum er perur.
Hvað eru perurnar margar?

c $\frac{1}{6}$ af ávöxtunum er appelsínur.
Hversu margar eru appelsínurnar?

d Hve margir bananar eru í ávaxtakörfunni?

6.16 Hvað er

a $\frac{1}{3}$ af 18?

b $\frac{1}{3}$ af 27?

c $\frac{1}{4}$ af 16?

d $\frac{1}{4}$ af 28?

e $\frac{1}{5}$ af 35?

f $\frac{1}{5}$ af 60?

6.17 Hvað er

a $\frac{1}{6}$ af 12?

b $\frac{1}{7}$ af 28?

c $\frac{1}{8}$ af 64?

6.18 **a** Hvað er $\frac{1}{4}$ af nemendunum margir nemendur?

b Hve mörg % eru það?

c Hvað er $\frac{1}{4}$ af peningunum há upphæð?

d Hversu langur spotti er $\frac{1}{4}$ af reipinu?

6.19 Hvor talan er stærri?

a $\frac{1}{3}$ af 12 eða $\frac{1}{3}$ af 15

b $\frac{1}{5}$ af 20 eða $\frac{1}{5}$ af 10

c $\frac{1}{10}$ af 80 eða $\frac{1}{10}$ af 60

d $\frac{1}{20}$ af 200 eða $\frac{1}{20}$ af 300

6.20 Hvor talan er stærri?

a $\frac{1}{5}$ af 20 eða $\frac{1}{5}$ af 30

b $\frac{1}{10}$ af 70 eða $\frac{1}{10}$ af 110

6.21 Hvor talan er stærri?

a $\frac{1}{5}$ af 32 eða $\frac{1}{5}$ af 39

b $\frac{1}{9}$ af 75 eða $\frac{1}{9}$ af 57

6.22 Markús á 400 kr. Hann gefur bróður sínum helminginn. Því næst gefur hann systur sinni fjórðung af því sem eftir er. Loks kaupir hann epli fyrir 65 kr.

Hvað á Markús eftir af peningum?

6.23 Hvort þessara tveggja brota er stærra?



6.24 Hvort þessara tveggja brota, $\frac{1}{3}$ eða $\frac{1}{4}$ er stærra?



6.25 Hvort brotið í hverju verkefni er stærra?

a $\frac{1}{2}$ eða $\frac{1}{3}$ **b** $\frac{1}{5}$ eða $\frac{1}{6}$ **c** $\frac{1}{7}$ eða $\frac{1}{8}$ **d** $\frac{1}{9}$ eða $\frac{1}{10}$

6.26 **a** $\frac{2}{6}$ eða $\frac{2}{7}$ **b** $\frac{3}{4}$ eða $\frac{3}{5}$ **c** $\frac{2}{5}$ eða $\frac{2}{3}$ **d** $\frac{5}{6}$ eða $\frac{5}{7}$

6.27 **a** $\frac{3}{6}$ eða $\frac{4}{6}$ **b** $\frac{7}{10}$ eða $\frac{9}{10}$ **c** $\frac{9}{15}$ eða $\frac{12}{15}$ **d** $\frac{3}{9}$ eða $\frac{5}{9}$

6.28 Skrifaðu brotin í röð eftir stærð. Byrjaðu á minnsta brotinu.

a $\frac{1}{6}$ $\frac{1}{3}$ $\frac{1}{5}$ $\frac{1}{7}$ $\frac{1}{4}$ $\frac{1}{8}$

b $\frac{3}{9}$ $\frac{3}{12}$ $\frac{3}{7}$ $\frac{3}{8}$ $\frac{3}{11}$ $\frac{3}{14}$

$\frac{2}{3}$ $\frac{2}{5}$ $\frac{4}{6}$ $\frac{5}{6}$ $\frac{3}{4}$ $\frac{6}{10}$ $\frac{4}{10}$ $\frac{20}{20}$ $\frac{3}{9}$ $\frac{1}{9}$ $\frac{7}{8}$ $\frac{7}{7}$ $\frac{1}{4}$

6.29 Hver(t) brotanna hér fyrir ofan

a eru jafn stór?

b eru jöfn einum heilum?

c eru með teljara sem er einum minni en nefnarinn?

d verða einn heill ef þau eru lögð saman?

e er stærst af þeim brotum sem eru minni en einn heill?

Samlagning og frádráttur með almennum brotum



6.30 Hve mikið af pitsunni borðuðu strákarnir þrír samtals?



6.31 Hve mikið af súkkulaðinu borðuðu stelpurnar þrjár samtals?

6.32 Hve mikið samtals?

a

$\frac{2}{5} + \frac{1}{5}$

b



$\frac{1}{6} + \frac{2}{6}$

c

$\frac{3}{8} + \frac{2}{8}$

d



$\frac{4}{10} + \frac{2}{10}$

6.33 Hve mikið er afgangs?

a



$\frac{5}{5} - \frac{2}{5}$

b



$\frac{6}{8} - \frac{5}{8}$

c



$\frac{7}{12} - \frac{5}{12}$

d



$\frac{15}{20} - \frac{8}{20}$

Reiknaðu dæmin.

6.34

a $\frac{5}{9} + \frac{3}{9}$

b $\frac{4}{11} + \frac{3}{11}$

c $\frac{11}{18} + \frac{4}{18}$

d $\frac{13}{21} + \frac{6}{21}$

e $\frac{3}{25} + \frac{7}{25} + \frac{9}{25}$

f $\frac{5}{19} + \frac{7}{19} + \frac{4}{19}$

6.35

a $\frac{7}{9} - \frac{4}{9}$

b $\frac{7}{13} - \frac{2}{13}$

c $\frac{18}{20} + \frac{12}{20}$

d $\frac{30}{44} - \frac{21}{44}$

e $\frac{9}{15} + \frac{11}{15} - \frac{15}{15}$

f $\frac{15}{32} + \frac{15}{32} - \frac{14}{32}$

6.36

a $1\frac{5}{7} + \frac{1}{7}$

b $2\frac{7}{18} + 1\frac{4}{18}$

c $1\frac{2}{5} + 3\frac{2}{5}$

d $1\frac{4}{12} + \frac{8}{12}$

e $2\frac{12}{25} + 3\frac{8}{25}$

f $3\frac{10}{15} + 2\frac{10}{15}$

6.37

a $1\frac{5}{8} - \frac{3}{8}$

b $3\frac{4}{7} - \frac{3}{7}$

c $3\frac{2}{5} - 2\frac{4}{5}$

d $4\frac{1}{9} - 3\frac{8}{9}$

e $2\frac{6}{15} - 1\frac{9}{15}$

f $8\frac{5}{12} - 3\frac{7}{12}$

6.38 Jóna ætlar að halda veislu. Hún kaupir fimm pitsur, allar jafn stórar, og skiptir þeim í sex jafn stórar sneiðar.

Friðrik borðar $\frac{4}{6}$, Ída borðar $\frac{5}{6}$, Anna borðar $\frac{3}{6}$ og Haraldur borðar $1\frac{2}{6}$.

a Hve mikið borða gestirnir fjórir samtals?

b Í lok veislunnar er $1\frac{2}{6}$ af pitsu afgangs.
Hve mikið borðaði Jóna sjálf?

6.39 Hvaða tölustafi vantar?

a $\frac{3}{7} + \frac{\square}{7} = 1$

b $\frac{\square}{9} + \frac{5}{9} = 1$

c $1 - \frac{\square}{8} = \frac{3}{8}$

d $\frac{9}{16} + \frac{\square}{16} = 1$

e $\frac{5}{8} - \frac{\square}{8} = \frac{2}{8}$

f $\frac{\square}{\square} + \frac{3}{10} = \frac{4}{10}$

Jafn stór brot

6.40 Hvað hefur hver stelpa borðað stóran hluta af pitsunni sinni?

6.41 **a** Teiknaðu myndina í bókina þína.

b Skiptu henni í áttundu hluta.

c Hve margir áttundu hlutar eru litaðir?

$\frac{1}{4} = \frac{\square}{8}$

6.42 Hvaða tölustafi vantar?

a



$\frac{1}{5} = \frac{\square}{10}$

c

$\frac{8}{14} = \frac{\square}{7}$

b



$\frac{1}{3} = \frac{\square}{12}$

d



$\frac{12}{15} = \frac{\square}{5}$

6.43 Hvaða tölustafi vantar?

a



$\frac{1}{3} = \frac{\square}{9}$

b



$\frac{3}{4} = \frac{\square}{8}$

6.44 Skrifaðu brot sem eru jafn stór og

a $\frac{1}{4}$ **b** $\frac{1}{5}$ **c** $\frac{1}{6}$ **d** $\frac{1}{8}$

6.45 Skrifaðu þrjú mismunandi brot sem eru jafn stór og

a $\frac{2}{4}$ **b** $\frac{3}{5}$ **c** $\frac{2}{6}$ **d** $\frac{5}{10}$

6.46 Hvaða brot í A og B eru jafn stór?

A $\frac{1}{4}$ $\frac{1}{7}$ $\frac{1}{6}$ $\frac{3}{4}$ $\frac{4}{5}$ $\frac{6}{10}$

B $\frac{2}{14}$ $\frac{4}{24}$ $\frac{3}{5}$ $\frac{15}{20}$ $\frac{4}{16}$ $\frac{16}{20}$

6.47 Notaðu tölurnar á spjöldunum hér til hliðar og skrifaðu tvö og tvö brot sem eru jafn stór.



6.48 Notaðu brotin í talnaskýinu til að svara spurningunum.



a Hver þessara brota eru jafn stór?

b Hver af brotunum eru jafn stór og $\frac{2}{3}$?

c Mismunur tveggja brota er $\frac{1}{2}$. Hvaða brot eru það?

d Hvaða brot eru stærri en $\frac{2}{3}$?

e Hvort brotið er minna, $\frac{2}{3}$ eða $\frac{12}{24}$?

6.49 Hvaða tölustaf vantar?

a $\frac{1}{5} = \frac{\square}{20}$ **c** $\frac{\square}{12} = \frac{1}{6}$ **e** $\frac{2}{3} = \frac{\square}{24}$

b $\frac{1}{9} = \frac{\square}{27}$ **d** $\frac{\square}{42} = \frac{1}{7}$ **f** $\frac{\square}{36} = \frac{3}{4}$

Að lengja og stytta brot



6.50 Ljúktu við setningarnar.

a Einn fimmti hluti er jafn stór og þrír ☐.

b Tveir fimmtu er jafnt og sex ☐ .

c Níu fimmtándu er jafnt og ☐ fimmtu.

d Tólf fimmtándu hlutar er jafnt og ☐ fimmtu hlutar.

6.51 Hvaða tölustaf vantar?

a $\frac{1}{2} = \frac{\square}{10}$ **c** $\frac{1}{3} = \frac{\square}{15}$ **e** $\frac{2}{5} = \frac{\square}{15}$

b $\frac{1}{3} = \frac{\square}{9}$ **d** $\frac{1}{5} = \frac{\square}{25}$ **f** $\frac{4}{5} = \frac{\square}{30}$

6.52 Lengdu brotin með 4.

a $\frac{1}{3}$ **c** $\frac{7}{10}$ **e** $\frac{8}{9}$ **g** $\frac{20}{30}$

b $\frac{1}{5}$ **d** $\frac{6}{7}$ **f** $\frac{10}{20}$ **h** $\frac{11}{15}$

6.53 Lengdu brotin með 7.

a $\frac{3}{6}$ **c** $\frac{3}{4}$ **e** $\frac{4}{10}$ **g** $\frac{10}{11}$

b $\frac{4}{5}$ **d** $\frac{2}{7}$ **f** $\frac{5}{8}$ **h** $\frac{20}{50}$

6.54 Með hvaða tölu hafa brotin verið lengd?

a $\frac{1}{3} = \frac{6}{18}$ **c** $\frac{5}{7} = \frac{25}{35}$ **e** $\frac{4}{5} = \frac{24}{30}$

b $\frac{1}{5} = \frac{3}{15}$ **d** $\frac{7}{8} = \frac{49}{56}$ **f** $\frac{5}{12} = \frac{40}{96}$

6.55 Hvaða tölustaf vantar?

a $\frac{1}{5} = \frac{6}{\square}$ **c** $\frac{7}{8} = \frac{21}{\square}$ **e** $\frac{7}{10} = \frac{42}{\square}$

b $\frac{1}{4} = \frac{9}{\square}$ **d** $\frac{4}{9} = \frac{20}{\square}$ **f** $\frac{9}{11} = \frac{99}{\square}$

6.56 Styttu brotin með 5.

a $\frac{20}{25}$ **b** $\frac{35}{45}$ **c** $\frac{50}{60}$ **d** $\frac{100}{200}$

6.57 Styttu brotin með 7.

a $\frac{14}{21}$ **b** $\frac{35}{49}$ **c** $\frac{70}{140}$ **d** $\frac{77}{84}$

6.58 Með hvaða tölu hafa brotin verið stytt?

a $\frac{12}{18} = \frac{2}{3}$ **b** $\frac{6}{16} = \frac{3}{8}$ **c** $\frac{35}{42} = \frac{5}{6}$ **d** $\frac{27}{63} = \frac{3}{7}$

6.59 Styttu brotin eins mikið og hægt er.

a $\frac{20}{24}$ **b** $\frac{25}{75}$ **c** $\frac{18}{54}$ **d** $\frac{120}{200}$

6.60 **a** Með hvaða tölum er hægt að stytta brotið $\frac{8}{24}$?

b Með hvaða tölum er hægt að stytta brotið $\frac{30}{45}$?

6.61 Lengdu brotin þannig að nefnarinn verði 100.

a $\frac{1}{2}$ **b** $\frac{1}{4}$ **c** $\frac{1}{20}$ **d** $\frac{1}{25}$

Ósamnefnd brot

6.62 María og Mímir skiptu með sér súkkulaði.
María borðaði $\frac{2}{5}$, og Mímir $\frac{1}{2}$.

a Hve mikið borðuðu þau samtals?

b Hve mikið var eftir af súkkulaðinu?





6.63 Tanja og Tómas keyptu hvort sína pitsu sem voru jafn stórar.
Tanja borðaði $\frac{3}{4}$ af sinni pitsu og Tómas $\frac{5}{8}$ af sinni.

a Hvort þeirra borðaði meira?

b Hve mikið af pitsu borðuðu þau samtals?

c Hve mikið af pitsunum var afgangs?

6.64 Smári, Markús, Líf og Tóta skiptu köku á milli sín.
Smári fékk $\frac{1}{6}$, Markús fékk $\frac{1}{3}$, Líf fékk $\frac{1}{4}$ og
Tóta fékk afganginn.

a Hve mikið fengu Smári, Markús og Líf til samans?

b Hve mikið fékk Tóta?



6.65 Eva borðaði $\frac{1}{6}$ af súkkulaðinu og
Marteinn borðaði $\frac{3}{8}$.

a Hve mikið borðuðu þau tvö samtals?

b Hve mikið var eftir af súkkulaðinu?

6.66 Reiknaðu dæmin.

a



$$\frac{2}{6} + \frac{5}{12}$$

b



$$\frac{3}{4} + \frac{2}{3}$$

6.67 Lengdu annað brotið í hverju verkefni þannig að brotin tvö verði samnefnd.

a $\frac{1}{12}$ og $\frac{1}{3}$ **c** $\frac{3}{20}$ og $\frac{1}{4}$ **e** $\frac{11}{20}$ og $\frac{1}{2}$

b $\frac{3}{4}$ og $\frac{5}{16}$ **d** $\frac{3}{7}$ og $\frac{5}{42}$ **f** $\frac{5}{8}$ og $\frac{4}{48}$

6.68 Lengdu bæði brotin í hverju verkefni þannig að þau verði samnefnd.

a $\frac{2}{4}$ og $\frac{2}{5}$ **c** $\frac{3}{5}$ og $\frac{3}{8}$ **e** $\frac{2}{9}$ og $\frac{5}{24}$

b $\frac{3}{5}$ og $\frac{4}{6}$ **d** $\frac{1}{6}$ og $\frac{4}{7}$ **f** $\frac{4}{10}$ og $\frac{32}{45}$

6.69 Lengdu bæði brotin í hverju verkefni þannig að þau verði samnefnd. Reiknaðu síðan dæmin.

a $\frac{1}{4} + \frac{1}{3}$ **c** $\frac{2}{5} + \frac{2}{7}$ **e** $\frac{2}{9} + \frac{2}{6}$

b $\frac{1}{6} + \frac{1}{5}$ **d** $\frac{1}{3} + \frac{2}{5}$ **f** $\frac{4}{5} + \frac{1}{8}$

6.70 Lengdu bæði brotin í hverju verkefni þannig að þau verði samnefnd. Reiknaðu síðan dæmin.

a $\frac{1}{7} + \frac{3}{4}$

b $\frac{6}{9} - \frac{3}{6}$

c $\frac{2}{7} + \frac{1}{3}$

d $\frac{3}{8} + \frac{7}{12}$

e $\frac{5}{9} - \frac{2}{7}$

f $\frac{5}{12} - \frac{2}{15}$

6.71 Lengdu bæði brotin í hverju verkefni þannig að þau verði samnefnd. Finndu síðan mismun brotanna.

a $\frac{3}{4}$ og $\frac{1}{3}$

b $\frac{3}{5}$ og $\frac{2}{4}$

c $\frac{2}{3}$ og $\frac{2}{5}$

d $\frac{1}{10}$ og $\frac{1}{25}$

e $\frac{9}{10}$ og $\frac{6}{15}$

f $\frac{3}{11}$ og $\frac{3}{33}$

Reiknaðu dæmin.

6.72

a $\frac{2}{3} + \frac{2}{5} - \frac{1}{2}$

b $\frac{3}{5} + \frac{7}{15} + \frac{8}{10}$

c $\frac{5}{6} + \frac{2}{9} - \frac{11}{18}$

d $\frac{25}{40} + \frac{3}{10} - \frac{3}{8}$

e $\frac{7}{9} + \frac{2}{3} - \frac{7}{12}$

f $\frac{12}{30} - \frac{7}{60} - \frac{1}{5}$

6.73

a $\frac{1}{7} + \frac{3}{4}$

b $\frac{6}{9} - \frac{3}{6}$

c $\frac{2}{7} + \frac{1}{3}$

d $\frac{3}{8} + \frac{7}{12}$

e $\frac{5}{9} - \frac{2}{7}$

f $\frac{5}{12} - \frac{2}{15}$

6.74 Reiknaðu dæmin.

a



$2\frac{2}{5} + 3\frac{1}{3}$

b



$3\frac{3}{4} + 5\frac{7}{10}$

6.75 Í poka eru $\frac{2}{9}$ af hlaupköllunum grænir. Grænu hlaupkallarnir eru átta talsins.

a Hvað er $\frac{1}{9}$ af öllum hlaupköllunum margir hlaupkallar?

b Hvað eru margir hlaupkallar í pokanum?

6.76 Í öðrum poka eru $\frac{5}{12}$ af hlaupköllunum grænir, $\frac{1}{6}$ er gulur, $\frac{2}{9}$ eru appelsínugulir og afgangurinn er rauður. Grænu hlaupkallarnir eru 15 að tölu.

a Hvað er $\frac{1}{12}$ af öllum hlaupköllunum margir hlaupkallar?

b Hvað eru margir hlaupkallar í pokanum?

c Hve margir hlaupkallar eru gulir og appelsínugulir?

d Hve margir hlaupkallar eru rauðir?

6.77 Skrifaðu töflurnar upp í reikningsheftið þitt og skráðu tölurnar sem vantar.

a

$\frac{2}{3}$ af tölunni	$\frac{1}{3}$ af tölunni	Talan sjálf
		36
	9	
44		

b

$\frac{4}{15}$ af tölunni	$\frac{1}{15}$ af tölunni	Talan sjálf
	20	
		120
200		

6.78 Skráðu næstu þrjú brot í talnarununum.

a $\frac{1}{4}$ $\frac{3}{4}$ $1\frac{1}{4}$ $1\frac{3}{4}$ ...

